



*Víð styðjum þig*

*Oslo Bock*<sup>®</sup>

QUALITY FOR LIFE

DINO













## Notendaleiðbeiningar








Trönuhrauni 8










220 Hafnarfjörður

Sími 565 2885 / Fax 565 1423

[stod@stod.is](mailto:stod@stod.is) / [www.stod.is](http://www.stod.is)







### Öryggisleiðbeiningar:

- Ekki stíga á fótaplötuna þegar sest er í hjólastólinn eða farið úr
- Notið veltivörnina
- Ef þú skilur stólinn eftir í brekku upp í móti, er mikilvægt að setja sætið í upprétta stöðu til að hann velti ekki aftur fyrir sig
- Þegar stólnum er lyft takið í ramman, ekki t.d. fótahvílur eða arma

### Stillingar og fylgihlutir:

- Bakhallinn er stillanlegur milli 80°-120° (mynd 8 og 12).
- Ef bakhalla er breytt er hægt að breyta hæð og eða vinkli á keyrslu-handföngum.(mynd 21)
- Ástig er notað til að auðvelda að komast upp á gangstéttir o.þ.h. (mynd 16).
- Veltivörn er hægt að fella inn með því að stíga létt á hana og snúa inn undir sætið (sjá mynd 17) t.d. þegar komast þarf upp á háa gangstétt eða þess háttar.
- Hæðin á örmunum er stillt með því að losa skrúfu (mynd 20) og þegar óskuð hæð er komin, herðið skrúfuna aftur.
- Fótplötur er hægt að stilla í dýpt með því að losa skrúfu (mynd 23) þegar óskuð dýpt er komin, herðið skrúfuna aftur.
- Á fótplötum er hægt að stilla vinkillinn með því að losa skrúfu (mynd 24, 26 og 29) herða skrúfuna aftur þegar óskaður vinkill er kominn.
- Hæðin á fótplötum er stillt með því að losa skrúfu, ekki taka skrúfuna alveg úr (mynd 25), herða aftur þegar óskuð hæð er komin.
- Til að stilla stífleika á bremsum losið skrúfu (mynd 15) færið bremsuna til, herðið skrúfuna aftur.
- Þegar stillingum er breytt passið að herða vel allar skrúfur.

Flutningur í bíl:

Fólksbíll: Æskilegt er að hafa stólinn í farangursrými bílsins við flutning. Ef það er ekki mögulegt, fullvissið ykkur þá um að stólinn sé vel skorðaður, þannig að hann geti ekki runnið til eða oltið. Festið stólinn með öryggisbelti ef hægt er.

Hjólástólabíll: Notandinn skal sitja í bílsæti og hjólástólinn örugglega skorðaður þannig að hann geti ekki runnið til eða oltið.

Ef bílinn er útbúinn með tilhlýðilegum festingum fyrir hjólástóla er óhætt fyrir notandann að sitja í stólnum ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Festingar fyrir þriggja punkta belti skulu vera aðgengilegar við hlið stólsins og einnig hnakkapúði. Stöðuleikabelti og hnakkapúði sem ef til vill hafa fylgt stólnum nægja ekki til að tryggja öryggi notandans við umferðaróhapp.
- Hjólástólinn skal festur örugglega við gólf bílsins, festa skal í ramma stólsins ekki hjól hans. Boginn/hallinn á festingunum skal vera á milli 0°-30°.

Beltið sem fylgir hjólástólnum er ekki nægilegt til að forða notandanum frá því að hendast úr stólnum við umferðaróhapp eða þegar bremsað er snögglega. Það getur því aldrei komið í stað öryggisbelta bílsins.